

STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um þingskóp kirkjuþings unga fólksins, nr. 952/2009.

1. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup Íslands boðar til kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings. Þingið skal haldið á laugardegi á hverju vori. Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag.

2. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við stjórn Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar sem kys verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þingsins.

3. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti fulltrúar prófastsdæmanna og KFUM og KFUK með málfrælsi, tillögurétt og atkvæðisrétt; alls 29 fulltrúar samkvæmt eftirfarandi:

- a) Reykjavíkurþrófastsdæmi vestra, 2 æskulýðsleiðtoga og 2 ungmenni.
- b) Reykjavíkurþrófastsdæmi eystra, 2 æskulýðsleiðtoga og 2 ungmenni.
- c) Kjalarnessþrófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtoga og 2 ungmenni.
- d) Vesturlandsþrófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- e) Vestfjarðaprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- f) Húnavatns- og Skagafjarðaprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- g) Eyjafjarðar- og Þingeyjarþrófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtoga og 1 ungmenni.
- h) Austurlandsþrófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- i) Suðurþrófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtoga og 1 ungmenni.

Auk fulltrúa prófastsdæmanna velur stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þrjá fulltrúa frá félögnum til setu á kirkjuþinginu.

Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Prófastar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing unga fólksins og skal senda prófasti þær tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til að tilnefna fulltrúa. Prófastur tilkynnir valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k. sex vikum fyrir þingdag frá próföstum skal vísa tilnefningunum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

Skulu fulltrúar kirkjuþings unga fólksins vera valdir til tveggja ára. Geti fulltrúi ekki komist á kirkjuþing unga fólksins af einhverjum orsökum skal nýr fulltrúi (varaþaður) vera valinn í hans stað sem hefur þá þáttökurétt til tveggja ára.

Boða skal til kirkjuþings unga fólksins í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf kirkjuþings. Verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins ber að tilkynna völdum þingfulltrúum um rétt þeirra til setu á kirkjuþingi unga fólksins 4 vikum fyrir þingdag.

4. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuþing unga fólksins starfar á boðuðum þingfundum og í þremur þingnefndum. Í upphafi þingsins skulu lögð fram mál sem fjalla á um á þinginu. Fulltrúum ber að skila inn þingmálum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins og biskupsstofu a.m.k. tíu dögum fyrir upphaf þings. Þessum aðilum ber að koma málunum fullunnum til þingmanna ekki síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þingsins.

Nr. 1106

26. nóvember 2013

Eftir fyrri umræðu skal málínu vísað til nefndar. Forseti og varaforsetar skipa fulltrúa í nefnd-irnar svo og formenn þeirra. Formaður nefndar ber ábyrgð á skipulagningu nefndarstarfsins og getur kallað til utanaðkomandi aðila inn á nefndarfund. Formaður kynnir á þingfundni niðurstöðu nefndar. Mál eru samþykkt með handaupprétingu eða skriflegri atkvæðagreiðslu ef einhver óskar þess og dugir einfaldur meirihluti. Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar kirkjuráði til umfjöllunar og meðferðar.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2014.

Reykjavík, 26. nóvember 2013.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2013